

Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2019

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.*
- *Verkefni sem tengjast geðrækt barna.*
- *Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði, svefni og hreyfingu.*
- *Áfengis-, vímu- og tóbaksvarnir.*
- *Verkefni sem tengjast kynheilbrigði.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu, eða verkefni sem eru til þess fallin að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna í tengslum við heilsu.*

Við úthlutun verður tekið mið af eftirfarandi stefnum:

- [Lýðheilsustefnu og aðgerðum sem stuðla að heilsuefandi samfélagi.](#)
- [Stefnu í áfengis- og vímuvörnum til 2020.](#)
- [Stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til 2020.](#)

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila.
- Eru með eigin fjármögnun eða aðra fjármögnun.

Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

Opnað verður fyrir umsóknir þann 20. september en frestur til að sækja um rennur út þann 15. október 2018. Sótt er um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs <http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/>

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis. Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.